

**Ed.**

**371. Breytingartillögur**

**[24. mál]**

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, JK, VI, EgJ).

1. Við 1. gr. Í stað „3 150 000“ komi: 4 450 000.
2. Við 5. gr. 5. tölul. orðist svo:

Aðrar hitaveitur, lán á árinu 1987 að fjárhæð allt að 281 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt skv. nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

Fjármálaráðherra er fyrir hönd ríkissjóðs, og að fengnu samþykki fjárveitinganefndar, heimilt að semja við Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveitu Akureyrar og Fjarhitun Vestmannaeyja um ráðstafanir til að bæta fjárhag veitnanna í framtíðinni.
3. 6. gr. falli niður.
4. Við 7. gr. Í stað „750 000“ komi: 520 000.
5. Við 8. gr. Í stað „840 000“ komi: 620 000.
6. Við 9. gr. Í stað „100 000“ komi: 75 000.
7. Við 10. gr. Í stað „440 000“ komi: 320 000.
8. Við 11. gr. Í stað „40 000“ komi: 30 000.
9. Við 14. gr. Í stað „3.–13.“ komi: 3.–12.
10. Við 36. gr. Í stað orðanna „innlent lán að fjárhæð“ komi: innlent lán Hitaveitu Rangæinga að fjárhæð.
11. Á eftir 36. gr. komi tvær nýjar greinar, sem verða 36. og 37. gr., er orðist svo:
  - a. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 1 300 000 þús. kr. sem Hitaveita Akureyrar kann að taka á árinu 1987 til að skuldbreyta erlendum lánnum.
  - b. Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allt að 3 500 000 þús. kr. af langtímaskuldum Rafmagnsveitna ríkisins vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi af raforku enda gefi Rafmagnsveitur ríkisins þar á móti út skuldabréf til handa ríkissjóði að fjárhæð 600 000 þús. kr. og afhendi ríkissjóði tvö skuldabréf útgefin af Hitaveitu Suðurnesja að fjárhæð 990 000 þús. kr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allt að 920 000 þús. kr. af langtímaskuldum Orkubús Vestfjarða vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi af raforku enda gefi Orkubú Vestfjarða þar á móti út skuldabréf til handa ríkissjóði að fjárhæð 400 000 þús. kr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að yfirtaka allt að 30 000 þús. kr. af langtímaskuldum Rafveitu Siglufjarðar vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi á raforku enda gefi Rafveita Siglufjarðar þar á móti út skuldabréf til handa ríkissjóði að fjárhæð 15 000 þús. kr.